



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

BORGARFJÖRÐUR

Efnafræði jarðhitavatns

Einar Gunnlaugsson

OS80020/JHD11
Reykjavík, júní 1980

BORGARFJÖRÐUR

Efnafræði jarðhitavatns

Einar Gunnlaugsson

OS80020/JHD11

Reykjavík, júní 1980

ÁGRIP

Í skýrslunni eru tindar til allar efnagreiningar á heitu vatni frá Borgarfjarðarsvæðinu á árabilinu 1944-1979, að undanskildu Leirársvæði.

Flestir efnagreiningar frá því fyrir 1966 eru ekki heildarefnagreiningar skv. núverandi kröfum en niðurstöður greininga á mikilvægum eftir virðast svipaðar þeim sem fengist hafa síðar frá sömu stöðum. Við samanburð á niðurstöðum efnagreininganna kemur í ljós að styrkur kalsíums og súlfats er að jafnaði meiri í greiningum frá 1969 en öðrum greiningum. Natrium-styrkur er aftur á móti ávallt minni í sýnum frá 1966 en öðrum sýnum. Niðurstöður klórgreininga eru áþekkar öll árin, en greiningar á bóri (einungis til frá 1966 og 1969) eru mjög mismunandi.

Styrkur ýmissa efna í heitu vatni stjórnast af hitastigi vatnsins. Þetta á líklega við um öll aðalefni nema klór. Notaðar eru mismunandi líkingar til að reikna hin ýmsu efnahitastig fyrir öll sýnin og það síðan borið saman.

Samkvæmt tvívetnismælingum er allt vatn upprunnið sem úrkoma sem hefur fallið í nágrenni Langjökuls.

Út frá landfræðilegri dreifingu einstakra efna, tvívetnislutfalli og klór/bór hlutfalli er reynt að greina milli vatnskerfa og er jarðhitanum í Borgarfirði skipt í 5 vatnskerfi á þessum grundvelli, þ.e. Reykholt-, Bæjar-, Brautartungu-, Englands-, og Húsafellsvatnskerfi.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
AGRIP	3
EFNISYFIRLIT	5
TÖFLUSKRÁ	6
MYNDASKRÁ	6
1 INNGANGUR	7
2 EFNAGREININGAR OG SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA	9
3 EFNAHITI	13
4 LANDFRÆÐILEG DREIFING KÍSILHITA OG EINSTAKRA EFNA	15
5 TVÍVETNISMÆLINGAR	17
6 VATNSKERFI Í BORGAFIRÐI	19
6.1 Reykholt's vatnskerfið	19
6.2 Bæjar vatnskerfið	20
6.3 Brautartungu vatnskerfið	20
6.4 Englands vatnskerfið	20
6.5 Húsaferells vatnskerfið	20
6.6 Önnur svæði	21
HEIMILDASKRÁ	23
MYNDIR	25
VIÐAUKI A Efnahiti	41
VIÐAUKI B Efnagreining á vatni í Borgarfirði	47
VIÐAUKI C Samanburður á mældum hita og efnahita	55

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Efnagreiningaraðferðir	10
2 Vatnskerfi í Borgarfirði	19

MYNDASKRÁ

1 Samanburður á nokkrum efnum í vatni frá sjö stöðum, efna- greindu á mismunandi tímum	27
2 Samband kísilhita og Na-K-Ca hita	28
3 Stuðullinn β sem fall af kísilhita	29
4 Samband kísilhita og Na-K-Ca hita með breyttum β gildum	30
5 Samband kísilhita og hita skv. Na-K feldspat jafnvægi	31
6 Dreifing kísilhita	32
7 Dreifing natriums	33
8 Dreifing kaliums	34
9 Dreifing kalsiums	35
10 Dreifing klórs	36
11 Dreifing flúors	37
12 Dreifing súlfats	38
13 Dreifing brennisteinsvetnis	39
14 Vatnskerfi í Borgarfirði	40

1 INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að hitaveitumálum í Borgarfirði. Í því sambandi hefur verið safnað vatni til efnagreininga viðsvegar úr Borgarfirði. Þær skýrslur sem hafa verið skrifaðar um jarðhita og um leið efnafraði vatns á einstökum svæðum eru yfirleitt mjög afmarkaðar. Í þessari skýrslu eru aftur á móti tekin saman öll gögn sem til eru um efnafraði jarðhitavatns á Borgarfjarðarsvæðinu. Elstu efnagreiningar sem vitað er um eru frá 1944, og þar sem mismunandi efnagreiningaraðferðum hefur verið beitt eru gæði greininganna mjög misjöfn.

Bornar eru saman niðurstöður efnagreininga frá hinum ýmsu stöðum og timum. Siðan er fjallað um efnahita miðað við ýmis efni og hann borinn saman við mældan hita. Því næst er gerð grein fyrir landfræðilegri dreifingu hinna ýmsu efna og kisilhita, auk þess greint frá niðurstöðu tvívetnismælinga á svæðinu. Á grundvelli þessa er jarðhita í Borgarfirði siðan skipt í vatnskerfi.

Í viðauka A er sérstaklega fjallað um svo nefndan efnahita miðað við hin ýmsu efni, en í viðaukum B og C eru töflur yfir efnagreiningar, mældan hita og efnahita.

2 EFNAGREININGAR OG SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA

Í þeirri samantekt sem hér fylgir, er reynt að tína til allar efna-greiningar á heitu vatni sem til eru af Borgarfjarðarsvæðinu. Elstu greiningar eru frá 1944 en þær yngstu frá 1979. Til eru um 180 efna-greiningar frá 63 jarðhitastöðum.

Efnagreiningarnar eru fengnar úr eftirfarandi heimildum:

Spjaldskrá OS frá 1944 til 1968	30 efnagreiningar
Handrit frá Atvinnudeild Háskólans, unnið úr spjaldskrá, greiningar til 1961	47 efnagreiningar
Rannsókn á jarðhita í Reykholtsdal (Kristján Sæmundsson o.fl. 1966)	32 efnagreiningar
Ph.D Þitgerð Stefáns Arnórssonar (1969)	23 efnagreiningar
Spjaldskrá OS 1969 til 1979	46 efnagreiningar

Gæði efnagreininganna eru eins og gefur að skilja mjög misjöfn og kemur þar til, að mismunandi efnagreiningaraðferðir hafa verið notaðar. Tafla 1 sýnir hvaða aðferðum hefur verið beitt.

Megnið af efnagreiningunum fram til 1966 eru ekki heildarefnagreiningar skv. núverandi kröfum, en þó virðast niðurstöður greininga á mikilvægum efnum, eins og SiO_2 og ákvörðun sýrustigs, pH, vera svipaðar þeim sem síðar hafa fengist frá sömu stöðum.

Til að meta hvort efnagreiningar frá 1966 (Kristján Sæmundsson o.fl. 1966), frá 1969 (Stefán Arnórsson 1969) og nýjustu greiningar Orkustofnunar séu sambærilegar voru bornar saman greiningar frá sömu stöðum. Í ljós kemur að helst er um að ræða mun á styrk koldioxíðs (CO_2), sýrustigi (pH) og að einhverju leyti á styrk kísils (SiO_2). Sá munur sem fram kemur á styrk koldioxíðs og sýrustigi getur stafað af mismunandi efnagreiningaraðferðum eða að of langur tími hafi liðið frá söfnun þar til greining var framkvæmd. Sýrustig í sýnum frá 1969 var greint við sama hitastig og var í viðkomandi hver eða uppsprettu. Vegna tregðu pH elektróðunnar er sýrustigið líklega ekki eins nákvæmt og ef um kælingu hefði verið að ræða. Af þessum sökum hefur ekki verið reiknaður kísilhiti fyrir ofangreind sýni í töflunni í

TAFLA 1

Efnagreiningaraðferðir

Efni	1944-1968	OS 1966	SA 1969	OS 1969-1979
SiO_2	Gravimetriskt, kólorimetriskt	Gravimetriskt	Kólorimetriskt með mólybdati	Kólorimetriskt með mólybdati
Na	Logaljósmælir	Logaljósmælir	Atómgleypni- mælir (AA)	Logaljósmælir og atómgleypnimælir (AA)
K	Logaljósmælir	Logaljósmælir	Atómgleypni mælir (AA)	Logaljósmælir og atómgleypnimælir
Ca	EDTA titrun	EDTA titrun og XRF	Atómgleypni- mælir (AA)	Atómgleypnimælir (AA)
Mg	EDTA titrun	EDTA titrun	Atómgleypni- mælir (AA)	Atómgleypnimælir (AA)
CO_2			Títrun með HCl	Títrun með HCl
SO_4^2-	Gravimetriskt	Gravimetriskt	Gravimetriskt	Gravimetriskt og títrun með $\text{Ba}(\text{ClO}_4)_2$
H_2S			Títrun með $\text{Hg}(\text{CH}_3\text{COO})_2$	Títrun með $\text{Hg}(\text{CH}_3\text{COO})_2$
Cl	Mohr titrun	Mohr titrun	Mohr titrun	Mohr titrun og ljósgleypnimæling
F	Kólorimetriskt með alizarin	Kólorimetriskt	Kólorimetriskt með Scott reagent	Kólorimetriskt með Scott reagent og með F selektróðu
B		Kólorimetriskt	Kólorimetriskt með methylen flúor bórat	

viðauka C. í skýrslu Kristjáns Sæmundssonar o.fl. (1966) er þess getið að of langur tími hafi liðið milli söfnunar og greininga á bíkarbónati, karbónati og sýrustigi, og því vafasamt hvort þeim greiningum sé að treysta. Þó virðist sýrustigi þeirra greininga bera vel saman við niðurstöður yngstu greininga Orkustofnunar frá sömu stöðum.

Til að auðvelda mat á minniháttar breytingum í efnagreiningum var styrkur nokkurra efna teiknaður upp á mynd 1. Þar kemur í ljós að styrkur kalsíums og súlfats er að jafnaði meiri í greiningum frá 1969 en hinum greiningunum. Styrkur natriums er aftur á móti ávallt minni í sýnum frá 1966 en öðrum sýnum. Á þessari mynd er ekki sýndur samanburður á klóri og bóri, en í ljós kom að niðurstöður klórgreininga eru mjög áþekkar öll árin. Bórgreiningar eru einungis til frá 1966 og 1969, og eru þær mjög mismunandi. Ekki er ljóst hvaða aðferð var beitt 1966, en líklegt má telja að þessi mikli munur stafi af mismun í greiningu. Þar sem stuðst er við bórgreiningar hér á eftir eru greiningar frá 1969 notaðar. Þeim greiningum virðist bera vel saman við greiningar sem gerðar hafa verið nýlega (Stefán Arnórsson o.fl. 1980), en þær greiningar eru gerðar með sömu aðferð og 1969.

Styrkur ýmissa efna í heitu vatni stjórnast af hitastigi vatnsins. Er líklegt, að þetta eigi við um öll aðalefni að undanskildu klóri. Ákvörðun á styrk efna í vatni sem safnað er á yfirborði getur því gefið góða hugmynd um það hitastig, sem vatnið er í jafnvægi við, í berggrunninum. Er þá gert ráð fyrir að vatnið kólni með leiðnikælingu á leið til yfirborðsins. Blöndun heits og kalds vatns getur aftur á móti haft mikil áhrif á útreiknaðan efnahita. Þau uppleystu efni, sem fyrst og fremst hafa verið notuð til að áætla hitastig í berggrunninum eru kísill (SiO_2), natrium (Na), kalíum (K) og kalsíum (Ca). Í viðauka A er helstu leiðum til mats á efnahita lýst stuttlegra.

Í viðauka C er birtur reiknaður efnahiti ásamt mældu hitastigi. Nokkur munur kemur oft fram milli gilda sem fengin eru úr mismunandi líkingum. Eins og sést af viðauka A eru allar katjónalíkingarnar byggðar á sōmu forsendum. Þess vegna er ekki nóg að bera þá eingöngu saman innbyrðis, heldur verður að bera saman katjónahita og kísilhita.

Á mynd 2 hefur verið teiknaður upp kísilhiti á móti Na-K-Ca hita. Í ljós kemur að þar sem notað er gildið $4/3$ fyrir stuðulinn β er kísilhitinn $10-20^{\circ}\text{C}$ hærri en Na-K-Ca hitinn og fylgnin góð. Ef reiknaður er katjónahiti með β stuðlinum sem $1/3$ er fylgnin ekki eins góð, en við hitastig hærri en 100°C ber þeim hita betur saman við kísilhitann, en ef stuðullinn er $4/3$. Þetta bendir til þess, að þau gildi á β , sem upp eru gefin, henti ekki fyrir lægra hitastig en 100°C . Svipað hefur komið í ljós annars staðar á landinu.

Í þeirri líkingu sem notuð er til að reikna Na-K-Ca hita (sjá viðauka A) er ráðlagt að nota $4/3$ fyrir β stuðulinn. Ef útreiknað hitastig fer yfir 100°C er mælt með að skipt sé um β og því breytt í $1/3$ og Na-K-Ca hitinn reiknaður aftur. Þetta hefur í för með sér að ef reiknað hitastig með $\beta = 4/3$ er rúmlega 100°C þá hækkar útreiknað hitastig um 15 til 20°C þegar β er breytt í $1/3$. Þetta þýðir að aldrei fæst útreiknaður Na-K-Ca hiti á bilinu 100 til 120°C . Það hlýtur því að vera ljóst að notkun á fóstum gildum fyrir stuðulinn β er óeðlileg.

Í líkingunni fyrir Na-K-Ca hita (sjá jöfnu (8) í viðauka A) er verið að leggja saman tvær breytistærðir, annars vegar log Na/K og hins vegar log $\sqrt{\text{Ca}}/\text{Na}$, sem báðar breytast með hita. Stuðullinn β er síðan notaður

til að jafna út mismun á halla línnanna. Gildi þ stuðulsins ætti því að breytast með hitastigi. Til að kanna gildi á þ í þessari jöfnu voru tekin 33 sýni af Borgarfjarðarsvæðinu (OS 1970-1979) og þau notuð til að reikna út þ gildi við mismunandi hitastig. Var þá reiknað með að kísilhiti væri rétt hitastig og þ reiknað út frá líkingu (8) í viðauka A. Reiknuð voru út meðalgildi fyrir hvert 10°C hitabil. Vandkvæði við þetta var skortur á gögnum og voru engin gögn til fyrir sum hitastigsbil. Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar á mynd 3. Þar hafa þ gildi verið teiknuð upp á móti kísilhita. Er um greinilega breytingu að ræða með hitastigi. Vegna lélegra gagna er þó erfitt að ákvarða þ sem fall af hitastigi, en með frekari útreikningum ætti að vera hægt að ákvarða það nánar. Líkingin fyrir Na-K-Ca hita verður mun flóknari ef reiknað er með þ sem fall af hita. Þá liti hún út eins og hér er sýnt:

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{1647}{\log \text{Na}/\text{K} + \beta(t) \log \sqrt{\text{Ca}}/\text{Na} + 2,24} - 273,15$$

Na-K-Ca hiti var endurreiknaður samkvæmt þessum upplýsingum. Vegna þess hve fá sýni af Borgarfjarðarsvæðinu eru á hitabilinu 50 til 90°C var valið gildi á $\beta = 6/7$ fyrir hitastig lægri en 70°C, en gildi $2/5$ fyrir hærri hitastig. Þessi endurreiknaði Na-K-Ca hiti er sýndur í viðauka C og á mynd 4. Samband kísilhita og Na-K-Ca hita virðist betra þar en á mynd 2.

Sambandið milli útreiknaðs hitastigs miðað við jafnvægi milli Na og K feldspata og kísilhita er sýnt á mynd 5. Hér er greinilega mun betra samræmi en þar sem Na-K-Ca hiti Fournier og Truesdell er notaður.

4 LANDFRÆÐILEG DREIFING KÍSILHITA OG EINSTAKRA EFNA

Eins og áður hefur verið vikið að, stjórnast styrkur flestra aðalefna af hitastigi vatnsins. Í þessum kafla verður reynt að sýna landfræðilega dreifingu einstakra efna og kísilhita á Borgarfjarðarsvæðinu. Teikning slíkra korta er ýmsum annmörkum háð. Sá samanburður á eldri og yngri greiningum sem sagt er frá í kafla 2 auðveldar teiknun jafngildislína einstakra efna. Er þá hægt að taka mið af eldri greiningum.

Kísilhiti. Á mynd 6 er sýnd dreifing á útreiknuðum kísilhita. Í ljós kemur að í Borgarfirði eru þrír til fjórir heitir pottar. Sá stærsti er í Reykholtsdal í kringum Reykholt og Kópareyki. Út frá Reykholti lækkar kísilhitinn smám saman til vesturs (allt að jarðhitalínunni Klettur-Runnar) og norðurs. Til austurs snarlækkar kísilhitinn og er orðinn um 110°C við Úlfsstaði, sem er í um 2 km fjarðlægð frá Reykholti. Vestan við jarðhitalínuna sem liggur um Klett-Runna hækkar kísilhitinn aftur og liggur 120°C jarðhitalínanum um Bæ og Varmaland. Vegna þess hve lítið er um jarðhita vestan þessa svæðis er ógerningur að segja til um hvar aðal hitapotturinn liggur, en beinast liggur við að ætla að hann sé á svæðinu Bær/Varmaland. Í Lundarreykjadal eru tvær hitamiðjur. Önnur er við Brautartungu en hin við England og Reyki. Gömul efnagreining frá Sarpi í Skorradal bendir til að hitamiðjan við Reyki og England teygi sig til suðvesturs. Efnagreining frá Krosslaug í Lundarreykjadal bendir til að þessar tvær aðskildar hitamiðjur séu í dalnum.

Natrium. Svipuð mynd kemur fram í dreifingu natriums (mynd 7) og á dreifingu kísilhita. Natrium er hæst við Reykholt og Kópareyki, um 80 ppm, en lækkar þaðan til austurs, norðurs og vesturs. Vestan við jarðhitalínuna við Klett-Runna eykst natrium magn skyndilega og er orðið 100 ppm við Bæ í Bæjarsveit. Í Lundarreykjadal er lítið til af greiningum, en þó virðast þar vera tveir staðir með hæst natriummagn, þ.e. Brautartunga og Reykir/England.

Kalium. Dreifing á styrk kaliums í jarðhitavatni er mjög svipuð og dreifing á styrk natriums (mynd 8).

Kalsíum. Dreifing á styrk kalsíums er sýnd á mynd 9. Þar kemur fram nokkuð önnur dreifing en er á styrk natriums og kaliums. Mest er magnið við Bæ í Bæjarsveit (12 ppm), en til austurs minnkar styrkurinn mikið og er orðinn

um 4 ppm við Klett/Runna. Þaðan lækkar styrkur kalsiums smám saman inn Reykholtsdal og er orðinn 2 ppm við Reykholt. Þessi dreifing sem fram kemur á kalsium svipar nokkuð til dreifingar klórs, þ.e.a.s. töluluverður munur er á styrk efnanna við Bæ og Varmaland og svo inni í Reykholtsdal. Er trúlegt að þetta stafi af áhrifum sjávar í báðum tilfellum.

Klór. Dreifing á styrk klórs í jarðhitavatni í Borgarfirði er sýnd á mynd 10. Mesti styrkur klórs er næstur sjó, en þaðan minnkar hann með aukinni fjarlægð frá sjó og jafnframt með aukinni hæð yfir sjó.

Flúor. Dreifing á styrk flúors er sýnd á mynd 11. Hér kemur fram mjög svipuð mynd og fyrir dreifingu kísilhitans. Mesti styrkur flúors er við Kópareyki í Reykholtsdal, en þaðan minnkar hann nokkuð reglulega til austurs, vesturs og norðurs. Til austurs er lækkunin ör, en til vesturs lækkar styrkurinn hægar allt að Bæ. Í Lundarreykjadal er mesti styrkur flúors við Brautartungu annars vegar og við Reyki/England hins vegar. Styrkur flúors er minni við Krosslaug, sem er mitt á milli fyrrnefndra staða.

Súlfat. Dreifing á styrk súlfats er sýnd á mynd 12. Þessi dreifing er mjög svipuð og dreifing kísilhitans. Þó eru svæðin í Lundarreykjadal mun óljósari, líklega aðallega vegna skorts á gögnum.

Brennisteinsvetni. Mun erfiðara er að teikna kort yfir dreifingu brennisteinsvetnis, en annarra efna vegna þess hve gögnin eru mismunandi, t.d. vantar gögn um brennisteinsvetni frá árinu 1966 og gögnin frá 1969 eru mjög frábrugðin yngstu gögnum Orkustofnunar. Við gerð kortsins er því einungis stuðst við yngstu greiningar Orkustofnunar. Dreifing brennisteinsvetnis er sýnd á mynd 13 og er hún mjög svipuð dreifingu kísilhitans.

Koldíoxið. Vegna mjög mismunandi gagna er erfitt að gera kort yfir dreifingu kolsýru, enda hefur það ekki verið gert. Þó má segja að kolsýra aukist frá Bæ í Bæjarsveit (10 ppm) inn að Reykholti (40 ppm), en lækki aftur austar.

Í heildina má segja, að flest efnin nema klór og ef til vill kalsíum sýni sams konar dreifingu og kísilhitinn. Þetta styður það, sem áður var sagt, að styrkur flestra aðalefna er nátengdur hitastigi djúpkerfisins.

5 TVÍVETNISMÆLINGAR

Gerðar hafa verið mælingar á tvívetni í heitu vatni viðs vegar úr Borgarfirði (Bragi Árnason 1976). Samkvæmt líkani Braga er allt vatnið að uppruna til úrkoma sem fallið hefur í nágrenni Langjökuls.

Hverirnir við Húsafell hafa mun lægra tvívetnislutfall ($\delta D = -91,3\text{ o/oo}$) en heitt vatn í Reykholtsdal og Bæjarsveit. Að sögn Braga er úrkomu með svo lágt tvívetnislutfall ekki að finna nær Húsafelli en í norðurhluta Langjökuls.

Samkvæmt rannsóknum Braga er ekki hægt að greina milli jarðhitans í Reykholtsdal annars vegar og jarðhitans í Bæjarsveit hins vegar út frá tvívetnislutfalli. Meðal tvívetnislutfall á þessum stöðum er $\delta D = -74\text{ o/oo}$. Svipað hlutfall tvívetnis er í úrkomu við Langjökul og á Arnarvatnsheiði.

Í Lundarreykjadal greinir Bragi á milli Brautartungu annars vegar með tvívetnislutfall $\delta D = -73\text{ o/oo}$ og hveranna við Reyki og England hins vegar með $\delta D = -77\text{ o/oo}$. Samkvæmt korti Braga yfir tvívetnislutfall úrkomu, er vatnið í Brautartungu upprunnið rétt vestan Langjökuls, en vatnið við Reyki og England í suðurhluta Langjökuls.

A grundvelli tvívetnislutfalls má greina jarðhitann í Borgarfirði í þrjá hópa. Húsafellssvæðið sker sig mest úr, en auk þess er svæðið innst í Lundarreykjadal frábrugðið öðrum svæðum.

6 VATNSKERFI Í BORGARFIRÐI

Samband bórs og klórs í jarðhitavatni hefur verið notað með góðum árangri til að greina milli vatnskerfa á Suðurlandsundirlendi (Stefán Arnórsson 1970; Valgarður Stefánsson & Stefán Arnórsson 1975). Þá er gert ráð fyrir að hvorki klór né bór bindist ummyndunarsteintegundum, heldur stjórnist styrkur þeirra í vatni af öðru, svo sem styrk þessara efna í bergi, útskolun, styrk þeirra í sjó eða styrk þeirra í kviku. Á Suðurlandi hefur komið í ljós regluleg dreifing kísilhitans innan hvers jarðhitakerfis (Valgarður Stefánsson & Stefán Arnórsson 1975).

Mjög fáar áreiðanlegar bórgreiningar eru til á vatni úr Borgarfirði, en þær ásamt dreifingu á styrk aðalefna og kísilhita og tvívetnislutfall eru notaðar hér til að greina milli vatnskerfa. Á mynd 14 eru vatnskerfin sýnd og skil milli þeirra. Í töflu 2 eru sýndir helstu þættir sem greina í sundur vatnskerfin, svo sem tvívetnislutfall og Cl/B hlutfall. Hér á eftir fer svo stutt lýsing á hverju vatnskerfi fyrir sig.

TAFLA 2

Vatnskerfi í Borgarfirði

Vatnskerfi	Hæsti kísilhiti °C	Tvívetnislutfall δD_H	Cl/B hlutfall *)
Reykholt	150	-74 o/oo	20-30
Bær	122	-74 o/oo	100
Brautartunga	132	-73,0 o/oo	24
England	137	-77 o/oo	28
Húsafell	66	-91,3 o/oo	24

*) Byggt á gögnum frá Stefáni Arnórssyni (1969).

6.1 Reykholt-vatnskerfið

Þetta er stærsta jarðhitakerfið í Borgarfirði. Hæstur er kísilhiti við Reykholt, Kópareyki og Hægindi um 150°C, en hann lækkar með fjarlægð þaðan til vesturs og austurs. Grunnvatnsstreymið er úr norðaustri (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1978) og samkvæmt tvívetnislutfalli er vatnið

komið af Arnarvatnsheiði vestan Langjökuls. Skilin milli þessa vatnskerfis og Húsafellsvatnskerfisins eru byggð á mun á tvívetnislutfalli og mjög ólíkri efnasamsetningu.

6.2 Bæjar-vatnskerfið

Útbreiðsla þessa kerfis er mjög óljós. Þær í Bæjarsveit og Laugarholt tilheyra þessu kerfi, svo og Varmaland og Einifell. Norður af Einifelli og norður af Reykholt-vatnskerfinu í Þverárhlið virðast þessi vatnskerfi renna saman í eitt. Skilin milli Reykholt-vatnskerfisins og Bæjar-vatnskerfisins eru byggð á klór/bór hlutfalli auk dreifingar hitastigsháðra aðalefna (sbr. dreifing kísilhitans). Ekki er hægt að sjá mun á tvívetnis-hlutfalli á milli þessara tveggja vatnskerfa.

6.3 Brautartungu-vatnskerfið

Tvö vatnskerfi eru í Lundarreykjadal, Brautartungu- og Englands-vatnskerfin. Til Brautartungu-vatnskerfisins telst jarðhitinn við Brautartungu og utar í Lundarreykjadal. Jafnframt mundi jarðhitinn sem kenndur er við Háafell í Skorradal tilheyra þessu vatnskerfi. Mörkin milli vatnskerfanna í Lundarreykjadal eru byggð á dreifingu kísilhitans og hitastigsháðra aðalefna ásamt mun í tvívetnislutfalli. Mörkin milli Brautartungu-vatnskerfisins og Reykholt-Bæjar-vatnskerfanna eru óljós, enda lítið um laugar þar á milli. Tvívetnis-hlutfall vatnsins í Brautartungu, Þær í Bæjarsveit og í Reykholtsdal er mjög svipuð og er ekki greinanlegur munur þar á milli.

6.4 Englands-vatnskerfið

Útbreiðsla þessa vatnskerfis er aðallega í innanverðum Lundarreykjadal og Skorradal og heiðunum þar norður og austur af. Hæstur er kísilhitinn á Reykjum og Englandi, en kísilhitinn við Sarp í Skorradal er heldur lægri. Þess ber þó að geta að þaðan er aðeins til gömul efnagreining. Ekki er vitað hve langt þetta vatnskerfi nær, en hugsanlega gæti það teygt sig suður í Hvalfjarðarbotn.

6.5 Húsafells-vatnskerfið

Þetta vatnskerfi liggur austan Reykholt-vatnskerfisins og nær eingöngu yfir Húsafellssvæðið. Efnasamsetning vatnsins er mjög frábrugðin vatni

annars staðar úr Borgarfirði. Efnasamsetning vatnsins ber með sér að jarðhitinn er í nánum tengslum við súrt berg. Þetta sést best á flúorinnihaldi vatnsins. Vatnið er mettað flúoríti, en slikt gerist ekki hér á landi nema þar sem súrt berg á í hlut. Skilin milli þessa vatnskerfis og Reykholt-svatnskerfisins eru byggð á ólikri efnasamsetningu og miklum mun í tvívetnishlutfalli.

6.6 Önnur svæði

Auk þessara fimm vatnskerfa sem hér hafa verið nefnd er jarðhiti á þrem afmörkuðum stöðum sem tilheyra Borgarfjarðarsvæðinu, þ.e. við Leirá, Efri-Hrepp og í Prestahnjúki. Vegna fjarlægðar frá öðrum jarðhitasvæðum er ekki hægt að tengja þessa staði neinu fyrnefndra vatnskerfa. Leirárvæðinu hefur algerlega verið sleppt í þessari skýrslu, enda hefur sérstök athugun farið þar fram (Kristján Sæmundsson o.fl. 1974, Sverrir Þórhallsson o.fl. 1976 og Ingvar Birgir Friðleifsson o.fl. 1977).

Frá Efri-Hrepp eru til heildarefnagreiningar á tveim sýnum og er annað þeirra mikið blandað köldu vatni, en hitt gefur um 100°C kísilhita.

Við Prestahnjúk á Kaldadal eru volgar ölkeldur. Útreiknaður kísilhiti er $115\text{--}120^{\circ}\text{C}$. Kajónahiti er eflaust ótraustur vegna mikils styrks kolsýru.

HEIMILDASKRÁ

Atvinnudeild Háskólangs: Efnagreiningar, handrit.

Bragi Árnason 1976: Groundwater systems in Iceland traced by deuterium.
Vísindafélag Íslendinga, XLII, 236 s.

Fournier, R.O. 1977: Chemical Geothermometers and mixing models for geothermal systems. Geothermics, 5, 41-50.

Fournier, R.O. & Potter, R.W. 1978: Magnesium correction to the Na-K-Ca chemical geothermometer. Geochim. Cosmochim. Acta, 43, 1543-1550.

Fournier, R.O. & Truesdell, A.H. 1973: An emperical Na-K-Ca geothermometer for natural waters. Geochim. Cosmochim. Acta, 37, 1255-1275.

Helgeson, H.C. 1969: Thermodynamics of hydrothermal systems at elevated temperatures and pressures. Am. J. Sci., 267, 729-804.

Ingvar Birgir Friðleifsson, Lúðvík S. Georgsson & Hjalti Fransson 1977:
Heildarkönnun á jarðhitamöguleikum á svæðinu milli Akraness og Skarðsheiðar. Orkustofnun, OS-JHD-7714, 41 s.

Kristján Sæmundsson, Sveinbjörn Björnsson, Guðmundur E. Sigvaldason, Gunnlaugur Elísson & Halldór Kjartansson 1966: Rannsókn á jarðhita í Reykholtsdal. Orkustofnun, 36 s.

Kristján Sæmundsson, Stefán Arnórsson, Valgarður Stefánsson, Guðmundur Sigurðsson & Sigurður Benediktsson 1974: Skýrsla um jarðhitarannsóknir við Leirá í Leirásveit. Orkustofnun, 10 s.

Lúðvík S. Georgsson, Haukur Jóhannesson, Guðmundur Ingi Haraldsson & Einar Gunnlaugsson 1978: Jarðhitakönnun í utanverðum Reykholtsdal. Deildartunga-Kleppjárnsreykir - Klettur-Runnar. Orkustofnun, OS-JHD-7856, 63 s.

Pačes, T. 1975: A systematic deviation from the Na-K-Ca geothermometer below 75°C and above 10^{-4} atm P_{CO_2} . Geochim. Cosmochim. Acta, 39, 541-544.

Seward, T.M. 1974: Determination of the first ionization constant of silicic acid from quartz solubility and borate buffer solution to 350°C. Geochim. Cosmochim. Acta, 38, 1651-1664.

Stefán Arnórsson 1969: A geochemical study of selected elements in thermal waters in Iceland. Ph.D. ritgerð, Imperial College, London, 353 s.

Stefán Arnórsson 1970: Geochemical studies of thermal waters in the southern lowlands of Iceland. Geothermics, special issue 2, 2, Part 1, 547-552.

Stefán Arnórsson 1979: Hydrochemistry in geothermal investigations in Iceland. Techniques and applications. Nordic Hydrology, 1979, 191-224.

Stefán Arnórsson, Einar Gunnlaugsson & Hörður Svavarsson 1980: Uppleyst efni í jarðhitavatni á Íslandi. Náttúrufræðingurinn (í undirbúningi).

Sverrir Þórhallsson, Þorsteinn Thorsteinsson & Gestur Gislason 1976: Framvinduskýrsla um rannsóknir að Leirá. Orkustofnun, OS-JHD-7617, 12 s.

Truesdell, A.H. 1976: Geochemical techniques in exploration. Second United Nations Symposium on the Development and Use of Geothermal Resources, San Francisco, maí 1975, Summary of section III, lii-lxxix.

Valgarður Stefánsson & Stefán Arnórsson 1976: A comparative study of hot-water chemistry and bedrock resistivity in the southern lowlands of Iceland. Second United Nations Symposium on the Development and Use of Geothermal Resources. San Francisco, maí 1975. Proceedings, Vol. 2, Sec. IV, 1207-1246.

MYNDIR



ORKUSTOFNUN

BORGARFJÖRÐUR

Samanburður á nokkrum efnunum í vatni
frá sjö stöðum, efnagreint á mismunandi tíma


'79.12.03.

EB/EK.

Jarðe.fr. Borg.

F-18905

Mynd 1





ORKUSTOFNUN

BORGARFJÖRDUR

Samband kísilhita og Na-K-Ca-hita

'79.12.03


EB/EK

Jarðefnafr. Borg.

F-18908

Mynd 2

Na-K-Ca-hiti





ORKUSTOFNUN

BORGARFJÖRÐUR

Stuðullinn β sem fall af kísilhita


'79.12.03.

EB/EK.

Jarðefnafr. Borg.

F-18906

Mynd 3





ORKUSTOFNUN

BORGARFJÖRÐUR

Samband kísilhita og Na-K-Ca-hita með
breyttum β gildum

'79.12.03.


EB/EK

Jarðe.fr. Borg.

F-18907

Na-K-Ca-hiti
breytt gildi

Mynd 4





ORKUSTOFNUN

BORGARFJÖRÐUR

Samband kísilhita og hita skv. Na-K feldspat jafnvægi

'79.12.03.


EB/EK

Jarðefnaf. Borgf.

F-18909

Hitastig skv.
Na - K feldspat
jafnvægi


Mynd 5



BORGARFJÖRÐUR

Dreifing kísilhita


Mynd 6



BORGARFJÖRÐUR

Dreifing natriums

Mynd 7




80.01.30. EB/EK Borg. F-19050

BORGARFJÖRÐUR

Dreifing kalíums


Mynd 8



BORGARFJÖRÐUR

Dreifing kalsiums


Mynd 9



BORGARFJÖRÐUR

Dreifing klórs


Mynd 10



BORGARFJÖRDUR

Dreifing fluors


Mynd II



BORGARFJÖRÐUR


Dreifing súlfats

Mynd 12



BORGARFJÖRDUR
Dreifing brennisteinsvetnis

Mynd 13



BORGARFJÖRÐUR

Mynd 14

Vatnskerfi i Borgarfirði


I. Reykholt

II. Bær

III. Brautartunga

IV. England

V. Húsafell



VIÐAUKI A

—————
Efnahiti

EFNAHITI


1 Kísilhiti

Styrkur kísils í vatni ræðst af uppleysanleika kísilsteintegundanna kvarz og kalsedóns, en uppleysanleiki þeirra eykst með hækandi hitastigi. Við lágt hitastig ($<180^{\circ}\text{C}$) er kíslill hér á landi oftast í jafnvægi við kalsedón, en við hærra hitastig í jafnvægi við kvarz (Stefán Arnórsson 1975). Jafnvægi við kvarz á sér stundum stað við mun lægri hita, en það er háð jarðfræðilegum aðstæðum. Kísilhiti í jafnvægi við kalsedón er fenginn úr líkingu (1), en í jafnvægi við kvarz úr líkingu (2) (Fournier 1977).

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{1032}{4,69 - \log \text{SiO}_2} - 273,15 \quad (1)$$

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{1309}{5,19 + \log \text{SiO}_2} - 273,15 \quad (2)$$

Í báðum líkingunum er styrkur kísils í mg/l. Í kísilgreiningum er mældur heildarstyrkur kísils, en uppleystur kíslill hagar sér eins og veik sýra og klofnar því í sýru (H^+) og sýruleif (H_3SiO_4^-). Sýrustig vatnsins ræður hve mikill hluti vatnsins er óklofinn. Það er eingöngu styrkur óklofna kísilsins, sem gengur inn í jöfnurnar hér að framan. Til þess að reikna út hve mikill hluti efnagreinds kísils er óklofinn eru notaðar eftirfarandi jöfnur:



$$\frac{(\text{H}^+) (\text{H}_3\text{SiO}_4^-)}{(\text{H}_4\text{SiO}_4^-)} = K_{\text{H}_4\text{SiO}_4} \quad (4)$$

Kleyfnistuðull kísilsýru ($K_{\text{H}_4\text{SiO}_4}$) breytist með hitastigi. Þau gögn sem til eru um þær breytingar eru nokkuð mismunandi. Hér hafa verið notuð gildi, sem fengist hafa við framrekning á niðurstöðum Swards (1974), en samkvæmt því fæst kleyfnistuðullinn úr jöfnu (5) (Stefán Arnórsson 1979).

$$\log K = 2,82 \cdot 10^3/T + 2,78 \cdot 10^{-3} T - 1,87 \cdot 10^{-5} T^2 \quad (5)$$

Gildi fyrir kleyfnistuðulinn við mismunandi hita eru gefin í töflu 1.

TAFLA 1

Gildi fyrir kleyfnistuðul kísils skv. framreikningi á mæliniðurstöðum Sewarda (1974)

Hiti	- log K	Hiti	- log K
0	10,97	110	9,05
10	10,68	120	8,98
20	10,42	130	8,92
30	10,19	140	8,88
40	9,98	150	8,84
50	9,79	160	8,82
60	9,62	170	8,81
70	9,48	180	8,81
80	9,35	190	8,82
90	9,23	200	8,84
100	9,13	250	9,06
		300	9,48
		350	10,06

2 Katjónahiti

Katjónahiti byggir á jónaskiptajafnvægi milli alkalímálma og jarðalkalímálma í vatni og steintegundum sem innihalda þessa málma. Gagnstætt kísilhita sem byggir á uppleysanleika steintegundanna er katjónahiti kvarðaður með beinum samanburði við jarðhitavatn með þekktu hitastigi. Í upphafi byggði katjónahitinn einungis á styrk natriums og kaliums. Eftirfarandi tvær jöfnur eru hafðar um Na-K hita:

Na-K hiti White og Ellis (sjá Truesdell 1975) gildir fyrir vatn 100-275°C heitt.

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{855,6}{\log (\text{Na}/\text{K}) + 0,8573} - 273,15 \quad (6)$$

Na-K hiti Fournier og Truesdell (sjá Truesdell 1975).

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{777}{\log (\text{Na}/\text{K}) + 0,70} - 273,15 \quad (7)$$

í báðum jöfnunum er styrkur efnanna í mg/l.

Fournier og Truesdell (1973) bentu á að Na-K hiti hentaði illa kalsiumriku vatni, vegna þess að kalsium tæki þátt í jónaskiptunum. Þess vegna endurbættu þeir líkinguna og tóku styrk kalsiums inn í hana.

$$t^{\circ}\text{C} = \frac{1647}{\log \text{Na/K} + \beta \log \sqrt{\text{Ca/Na}} + 2,24} - 273,15 \quad (8)$$

Styrkur efna er í mól/kg. Stuðullinn β er hafður 4/3, en fari útreiknað hitastig yfir 100°C er ráðlagt að nota gildið 1/3 fyrir stuðulinn β .

Bent hefur verið á að Na-K-Ca hiti gefi rangar niðurstöður fyrir heitt kolsýruríkt vatn (hiti lægri en 75°C og $P_{\text{CO}_2} \approx 10^{-4}$) nema ef leiðrétt er sérstaklega fyrir því (Paćes 1975). Í slikum tilfellum skal bæta stærðinni I við deilihluta jöfnu (8) hér að framan, en

$$I = 1,36 + 0,235 P_{\text{CO}_2} \quad (9)$$

Hlutþrýstingur CO_2 (P_{CO_2}) er háður

$$\frac{\text{CO}_2 \text{ (aq)}}{\text{CO}_2 \text{ (g)}} = K \quad (10)$$

og

$$P_{\text{CO}_2} = \frac{\text{H}_2\text{CO}_3 \text{ (í mól/kg)}}{K} \quad (11)$$

en jafnvægisfastinn K er háður hitastigi. Tafla 2 sýnir hvernig K breytist með hitastigi.

TAFLA 2

Breyting á jafnvægisfasta fyrir $\text{CO}_2(\text{g}) \rightleftharpoons \text{CO}_2(\text{aq})$ með hitastigi

°C	log K	°C	log K
0	-1,07	60	-1,76
10	-1,22	70	-1,84
20	-1,36	80	-1,90
30	-1,48	90	-1,95
40	-1,59	100	-2,00
50	-1,68		

Fournier og Potter (1978) bentu á að margt magníumríkt lághitavatn gæfi Na-K-Ca hita vel yfir 150°C. Dæmi um slikt vatn er sjór, sem er með Na-K-Ca hita 173°C. Þeir mæltu með magníum leiðréttингum fyrir Na-K-Ca hita. Vegna lágs styrks magníums í íslensku jarðhitavatni þarf að öllu jöfnu ekki að nota þessa leiðréttingu.

Jafnvægisstuðlar efnajafnvægis eru hitastigsháðir og ættu þeir einir að geta sagt til um hita í djúpkerfum jarðhitasvæða. Aftur á móti liggur ekki alltaf ljóst fyrir, hvaða efnajafnvægi eða steintegundir stýra styrk efna í vatni. Í ljós hefur komið að jafnvægisstuðull milli Na og K feldspata fellur nærri hlutfalli þessara málma í vatni. Það er því líklegt að þessar steindir ráði mestu um magn alkalímálma í vatni. Eftirfarandi jafna hefur fengist fyrir samband hitastigs og Na/K hlutfalls:

$$\log \text{Na}/\text{K} = -10,96 + 1709/T (\text{°K}) + 3,18 \log T (\text{°K}) \quad (12)$$

Þessi jafna var sett fram af Stefáni Arnórssyni (1979), en byggð á gögnum frá Helgeson (1969) um jafnvægi natrium- og kalifeldspata.

VIÐAUKI B

Efnagreiningar á vatni í Borgarfirði

EFNAGREININGAR Á VATNI Í BORGARFIRÐI

(Styrkur steinefna í mg/l)

Staður	Dagsetning	Heimild	Númer	Mældur hiti °C	pH °C	m °C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	C O ₂	S O ₄	H ₂ S	C ₁	F	Uppl. efni
Hvalfjarðarstrandarhreppur :																	
1 Hvalstöðin borhola 1	11/4 '78	OS	780010	9,09/19	24,9	95,0	84,8	4,7	7,5	0,23	32,6	86,9	0,1	31,8	3,41	742,0	
2 Hvalstöðin borhola 1	11/4 '78	OS	780011	8,62/20	25,1	134,0	90,2	4,7	6,2	0,19	41,4	8,1	0,1	30,9	3,29	387,0	
3 Hvalstöðin borhola 1	11/4 '78	OS	780012	8,65/20	23,4	129,0	88,6	5,3	10,0	0,12	24,4	88,9	0,1	43,2	2,96	415,0	
4 Hvalstöðin borhola 1	11/4 '78	CS	780013	8,39/20	21,7	146,0	99,3	5,3	9,3	0,28	34,8	93,2	0,1	49,7	3,06	460,0	
5 Dragháls	26/9 '76	OS	760134	12,6	9,49/24	117,7	18,0	16,5	0,1	2,5	0,22	0,1	9,5	0,11	70,0		
6 Dragháls	6/5 '77	OS	770069	13	9,69/27	114,9	18,0	15,5	0,2	2,7	0,21	14,4	6,2	0,1	8,3	0,14	67,0
Andakíshreppur :																	
